

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 5/2009**

Kæra Halldórs Guðmundssonar á ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 5/2009.

1. Þann 13. júlí 2009 er tekið fyrir málið nr. 5/2009: Kæra Halldórs Guðmundssonar á ákvörðun Neytendastofu 5. mars sama árs. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kæru, dags. 1. apríl 2009, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, í málinu [nr. 5/2009](#), um að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c. lið laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun trúnaðarupplýsinga um birgja Petersen ehf. í atvinnuskyni og án heimildar forráðamanna félagsins og að honum sé bannað með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga að nýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Petersen í atvinnuskyni.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og markaðssetningu.

**MÁLAVEXTIR**

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 11. ágúst 2008 kvartaði félagið Petersen ehf. yfir því að kærandi og DD ehf. hefðu brotið ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að standa að stofnun DD ehf., sem er í samkeppni við Petersen og að nýta sér tengsl við tiltekinn birgja Petersen ehf. til að fá hann í viðskipti við félag kæranda, á meðan hann gegndi enn starfi hjá Petersen ehf.
5. Kærandi réði sig til starfa sem sölufulltrúa á prentsviði Hans Petersen ehf. þann 30. janúar 2007, en í apríl var stofnað félagið Petersen ehf. sem tók yfir þann hluta rekstrar Hans Petersen ehf. sem kærandi hafði áður starfað við. Í 2. gr. ráðningarsamnings kæranda við félagið sagði m.a. að hann væri ábyrgur fyrir markaðssetningu, sölu og umsjón þjónustu við FotoWare notendur. Þá ætti hann að sjá um samskipti við birgja, áætlanagerð og söluupplýsingar.
6. Kærandi sagði starfi sínu lausu á árinu 2008 og átti þriggja mánaða uppsagnarfrestur hans að renna út í maí 2008. Í kjölfar tölvupósts kæranda, dags. 8. maí 2008, þar sem hann upplýsti um að FotoWare félagið hefði gert samning við nýstofnað félag kæranda, DD ehf., var kæranda hins vegar vikið frá störfum. Fyrir um daginn, þ.e. þann 8. maí 2008, hafði FotoWare jafnframt tilkynnt framkvæmdastjóra Petersen ehf. með tölvupósti að félagið væri hætt í viðskiptum við Hans Petersen ehf. og að uppsögnin tæki gildi þann 31. maí 2008.

7. Af hálfu kæranda hefur komið fram að hann ætlaði að stofna eigin heildsölu með tölvur og tæknivörur ásamt útseldri tæknivinnu. Stofnun félagsins hafi verið óháð og óviðkomandi félaginu FotoWare, auk þess sem félaginu hafi ekki ætlað að vera í beinni eða óbeinni samkeppni við Petersen ehf. Af hálfu Petersen ehf. hefur því verið haldið fram að kærandi hafi framið trúnaðarbrot gagnvart félaginu þar sem hann hafi stofnað félagið DD ehf. og átt viðræður við birgja Petersen ehf. í þeim tilgangi að fá þá í viðskipti við hið nýja félag, á sama tíma og kærandi starfaði á uppsagnarfresti hjá Petersen ehf.

### ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

8. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2009 var fjallað um ákvæði 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005, en þar kemur fram að sá sem hefur fengið vitneskju eða umráð yfir atvinnuleyndarmáli á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan megi ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Gætu fyrirtæki því átt rétt á lagvernd þeirra hagsmuna sem fælust í því að ákveðnum þáttum um starfsemi og samkeppni þeirra væri haldið leyndum. Í ákvörðun Neytendastofu var jafnframt vísað til ummæla í greinargerð með frumvarpi til þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 en ákvæði 29. gr. þeirra laga var efnislega samhljóða 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Þar kom fram að þau leyndarmál sem ákvæðið verndaði gætu til dæmis verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og tölfraðilegum upplýsingum svo dæmi séu tekin. Þá gæti verið um atvinnuleyndarmál að ræða þótt það væri á vitorði fleri en eiganda eða stjórnanda félags, en þó gæti almenn þekking eða reynsla starfsmanns ekki verið atvinnuleyndarmál auk þess sem gera yrði þá kröfu að þess hafi verið skýrt óskað eða krafist af atvinnurekanda að leynd ríkti um ákvæðið eða það lægi í hlutarins eðli.
9. Við upphaf starfa kæranda Hans Petersen ehf. hafi kærandi gert ráðningarsamning þar sem kveðið hafi verið á um trúnaði um hvaðeina sem kærandi kynni að verða áskynja í starfi um fyrirtækið og viðskiptavinum þess og var í ráðningarsamningnum sérstaklega vísað til 13. gr. laga nr. 57/2005, sem nú er að finna í 16. gr. c laganna. Síðar hóf kærandi störf hjá Petersen ehf. án þess að gerður væri nýr ráðningarsamningur en samkvæmt gögnum málsins hafi kærandi starfað samkvæmt fyrri ráðningarsamningi hjá Petersen ehf., auk þess sem bæði kærandi og yfirmaður hans hafi vísað til ráðningarsamningsins á því tímabili sem hann starfaði hjá Petersen ehf. Var það því niðurstaða Neytendastofu að kærandi hafi verið bundinn af upphaflegum ráðningarsamningi við störf hans hjá Petersen ehf.
10. Í ákvörðun Neytendastofu kom fram að kæranda hafi samkvæmt ráðningarsamningi verið óheimilt að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fyrirtæki sem að einhverju leyti ræki starfsemi á sama sviði eða í samkeppni við Petersen ehf. Þótt ekki væri hægt að ráða það af upplýsingum um tilgang félaganna úr hlutafélagaskrá hvort félögin væru í beinni samkeppni, væri ljóst að bæði félögin hefðu hagsmuni af því að vera með umboð fyrir FotoWare á Íslandi. Var það því niðurstaða Neytendastofu að félögin störfuðu a.m.k. að einhverju leyti á sama sviði sem óhjákvæmilega fæli í sér samkeppni þeirra á milli. Þar sem

ákvæði 16. gr. c laga nr. 57/2005 fæli í sér vernd á sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, yrði að líta til þess að starf kæranda hafi m.a. verið fólgið í því að eiga samskipti við erlenda félagið FotoWare. Ekki skipti máli hversu mikið hlutfall af störfum kæranda hafi tekið til þeirra samskipta, en kærandi hefði myndað tengsl við starfsmenn erlenda félagsins með störfum sínum fyrir Petersen ehf. og hefðu slík samskipti og tengsl ekki myndast með öðrum hætti. Hins vegar yrði ekki fallist á að sýnt hefði verið fram á að kærandi hefði komið því til leiðar að FotoWare hafi sagt upp viðskiptum við Petersen ehf. í þeim tilgangi að færa viðskipti sín og umboð yfir til félags kæranda, DD ehf. Hins vegar léki ekki vafi á því að FotoWare hafi einungis getað fengið vitneskju um uppsögn kæranda frá Petersen ehf. frá kæranda sjálfum og tæplega fengið vitneskju um stofnun DD ehf. nema frá kæranda.

11. Það var því niðurstaða Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að hafa í atvinnuskyni notað trúnaðarupplýsingar um birgja Petersen ehf. sem hann öðlaðist í starfi hjá félaginu og var kæranda bannað að nýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Petersen ehf. í atvinnuskyni á grundvelli 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005. Hins vegar var kröfu um stjórnvaldssekt á hendur kæranda hafnað, þar sem ekki væri að finna ákvæði í lögum nr. 57/2005 sem heimilaði beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brytu gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.

#### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

12. Í kæru, dags. 1. apríl 2009, sem barst þann 3. apríl 2009 kemur fram að kærð sé ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2009. Þar kemur fram að kærandi hafi verið ráðinn sem sölufulltrúi á prentsviði Hans Petersen ehf. þann 30. janúar 2007, en hluti af störfum kæranda hafi verið umsjón með markaðssetningu og sölu á vörumerki FotoWare. Kærandi hafi síðan starfað hjá félaginu Petersen ehf. sem hafi tekið yfir hluta rekstrar Hans Petersen í apríl 2007. Þann 29. febrúar 2008 hafi kærandi sagt upp störfum hjá félaginu með þriggja mánaða uppsagnarfresti þar sem hann hafði þá ákveðið að stofna eigin heildsölu, DD ehf., með tölvur og tæknivörur ásamt útseldri tæknivinnu, meðal annars til Petersen ehf.
13. Félagið DD ehf. hafi þó ekki verði ætlað að starfa í beinni eða óbeinni samkeppni við Petersen ehf. og var stofnun þess óháð og óviðkomandi hinu erlenda félagi FotoWare. Kærandi hafi upplýst Petersen ehf. um þessar fyrirætlanir sínar og hafi hann unnið út uppsagnarfrestinn fram til 8. maí þegar Petersen ehf. hafi einhliða rift ráðningarsamningi hans við félagið. Félagið FotoWare hafi síðar tilkynnt Petersen ehf. um að félagið ætlaði ekki að eiga nein frekari viðskipti við það, en sú ákvörðun hafi verið óviðkomandi kæranda sem hafi aldrei óskað eftir neinum viðskiptum við FotoWare. Því til staðfestingar hafi kærandi nú aflað vottorðs frá FotoWare, dags. 25. mars 2009, þar sem fram kemur að félagið hafi aldrei átt í viðvarandi viðskiptasambandi við Petersen ehf., en upphaflegur viðskiptasamningur félagsins hafi verið við Hans Petersen ehf. sem hafi síðar verið færður einhliða yfir til hins nýja félags án samþykkis FotoWare. Þá hafi FotoWare leitað eftir nýjum umboðsaðilum á Íslandi og að eigin frumkvæði haft samband við félagið DD ehf.

14. Kærandi byggir á því að rökstuðningi Neytendastofu sé verulega áfátt um það hvernig hann á að hafa notað trúnaðarupplýsingar um birgja Petersen ehf. sem hann hafi öðlast í starfi sínu eða hvernig Petersen ehf. eigi aðild að kærumálinu þar sem félagið hafi ekki neina þá vöru á boðstólum sem sé í samkeppni við kæranda og félag hans. Þá megi skilja niðurstöðu Neytendastofu um að FotoWare hafi fengið vitneskju um uppsögn kæranda frá honum sjálfum, á þann veg að ef starfsmenn tilkynni viðskiptavinum sínum að þeir séu hættir störfum og þakki samstarfið feli það sjálfkrafa í sér brot á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 5/2005, en því mótmæli kærandi. Markaðssetning og sala á vörum FotoWare hafi verið þáttur í starfi kæranda hjá Hans Petersen ehf. og síðar Petersen ehf. og því hafi verið fullkomlega eðlilegt að FotoWare fengi vitneskju um uppsögn hans hjá félaginu hvort sem þær upplýsingar hafi komið frá kæranda eða einhverjum öðrum.
15. Þá lægi fyrir að FotoWare hefði að eigin haft frumkvæði samband við kæranda í því skyni að óska eftir viðskiptasambandi við kæranda. Það skipti því ekki máli hvernig félagið hafi komist í samband við kæranda auk þess sem það geti ekki verið brot á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 að svara slíku erindi. Auk þess gerði kærandi athugasemdir við að sá hluti ákvörðunar Neytendastofu um að honum væri óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar í atvinnuskyni, væri án nánari tilgreiningar eða rökstuðnings, en að mati kæranda gæti starf hans fyrir félagið DD ehf. ekki falið í sér notkun á trúnaðarupplýsingum í atvinnuskyni. Kærandi myndi fylgja lögum um meðferð trúnaðarupplýsinga, en ekki verði unað við svo almenna yfirlýsingu um bann án nánari afmörkunar og rökstuðnings.
16. Með bréfi, dags. 7. apríl 2009, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Greinargerð Neytendastofu barst nefndinni 23. apríl 2009. Í greinargerðinni er þess krafist að niðurstaða stofnunarinnar nr. 5/2009 verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerð Neytendastofu kemur fram að í ákvörðuninni hafi verið talið að kærandi hafi ritað undir skilmála um trúnað í störfum sínum við upphaf starfa hans hjá Hans Petersen ehf. auk þess sem honum hefði verið óheimilt að eiga beint eða óbeint fjárhagslegra hagsmuna í félögum sem störfuðu á sama sviði og Hans Petersen ehf. Við gjaldþrot Hans Petersen ehf. hafi Petersen ehf. tekið við réttindum og skyldum félagsins og hafi kærandi starfað áfram hjá Petersen ehf. á grundvelli upphaflegs ráðningarsamnings. Þá hafi Neytendastofa talið að félagin DD ehf. og Petersen ehf. hafi bæði haft hagsmuni af því að vera með umboð fyrir félagið FotoWare og því féllu upplýsingar um FotoWare undir trúnaðarupplýsingar í skilningi 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.
17. Tekið var fram að í bréfi kæranda til áfrýjunarnefndar neytendamála hafi komið fram að kærandi hefði ekki átt frumkvæði að því að FotoWare flytti umboð sitt, en að kærandi hefði af almennri kurteisni tilkynnt erlenda félaginu FotoWare að hann hygðist hætta störfum frá Petersen ehf. og í kjölfar þess hefði FotoWare að eigin frumkvæði óskað eftir að hefja viðskipti við félag kæranda, DD ehf. Að mati Neytendastofu væri það engum vafa undirorpið að upplýsingar um hið nýstofnaða félag, DD ehf., hefðu komið frá kæranda auk þess sem kærandi hefði ekki lagt fram nein gögn sem sýndu fram á þau samskipti kæranda við hið erlenda félag FotoWare sem síðar leiddu til þess að það tók þá ákvörðun að færa umboð sitt til félags kæranda. Þá bæri einnig að líta

til þess að kærandi hafi gegnt störfum hjá Petersen ehf. þegar þessi samskipti áttu sér stað. Þá mótmælti Neytendastofa því jafnframt að seinni liður ákvörðunarinnar hefði verið órökstuddur og almennur. Í ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 sé að finna bann við að nýta trúnaðarupplýsingar sem starfsmaður öðlast í starfi og gildir það í þrjú ár eftir að starfi lýkur. Því var kæranda, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b laga nr. 57/2005, bannað að nýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hann öðlaðist í starfi hjá Petersen ehf. í atvinnuskyni.

18. Með bréfi, dags. 28. apríl 2009, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir kæranda bárust með bréfi, dags. 5. maí 2009. Í bréfi kæranda er mótmælt fyrrgreindum sjónarmiðum Neytendastofu og ítrekuð sjónarmið um að kærandi hafi ekkert aðhafst til að skaða samkeppni við FotoWare auk þess sem hann hafi á engum tíma haft frumkvæði að samskiptum við erlenda félagið. Kærandi hafi stofnað félagið DD ehf. til að starfa á öðrum markaði og hafi fyrirsvarsmenn Petersen ehf. verið upplýstir um þann tilgang. Þá ítrekaði kærandi mótmæli sín um að hann hefði á engu stigi nýtt sér trúnaðarupplýsingar um FotoWare, en trúnaðarskylda skv. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 geti ekki falið í sér sjálfkrafa bann við því að kærandi taki að sér störf fyrir FotoWare eftir að hann hefur látið af störfum hjá Petersen ehf. Engin hagnýting atvinnuleyndarmála felist í dreifingu vöru og þjónustu eftir starfslokinn, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 5. júní 2008, í máli nr. 334/2007.
19. Kærandi tók jafnframt fram að ekki væru til nein gögn um samskipti milli hans og félagsins FotoWare sem leiddu til þess að FotoWare tók þá ákvörðun um að flytja umboð sitt til félags kæranda. Þetta komi skýrt fram í tölvupósti frá 8. maí 2008, enda var ákvörðun FotoWare sjálfstæð og rökstudd með þeim hætti að hún væri vegna dræmrar sölu og minnkandi viðskipta. Kærandi hafi ekki átt aðild að þeirri ákvörðun, svo sem staðfest var með yfirlýsingu FotoWare dags. 25. mars 2009.
20. Með bréfi, dags. 11. maí 2009, var Petersen ehf. kynnt kæruefnið og óskað eftir afstöðu félagsins til þess. Í svari Petersen ehf. var vísað til fyrirbyggjandi gagna og rökstuðnings sem lögð höfðu verið fram við meðferð málsins hjá Neytendastofu. Jafnframt var tekið fram að kærandi hefði upplýst Petersen ehf. um að hann hygðist stofna til sjálfstæðs atvinnurekstrar að loknum uppsagnarfresti sem rann út í maí 2009. Hafi Petersen ehf. hins vegar talið að rekstur félagsins hefði ekki átt að vera í samkeppni við Petersen ehf. Eins og ráða megi af tölvupósti kæranda til Petersen ehf., dags. 8. maí 2008, hafði kærandi þegar gert samstarfssamning við hið erlenda félag FotoWare, þótt hann væri þá enn starfsmaður Petersen ehf. og við störf hjá félaginu. Hluti af störfum hans hafi verið samskipti við erlenda félagið og hafi hann því verið í aðstöðu til að hagnýta sér viðskiptatengsl og upplýsingar við gerð samnings félags hans, DD ehf., við FotoWare. Þá hafi kærandi jafnframt brotið gegn ákvæðum ráðningarsamnings um trúnað og þagnarskyldu, sem hafi ekki fallið niður fyrir en ráðningarsamningi hans við félagið hafi verið rift.

## **NIÐURSTAÐA**

21. Í 1. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005 eftirlit með viðskiptaháttum markaðssetningu kemur fram að óheimilt er í atvinnustarfsemi sem lögin taka til að afla sér eða reyna að afla sér með

ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar, en í 2. mgr. kemur fram að sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., megi ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Slíkt bann gildir í þrjú ár frá því að starfi var lokið eða samningi slitið.

22. Í máli þessu er deilt um það hvort kærandi hafi brotið gegn fyrrgreindu lagaákvæði þegar einkahlutafélag, í hans eigu, gerði umboðssamning við fyrrum erlendan birgja vinnuveitanda hans. Af gögnum málsins má ráða að erlendi birginn hafi sagt upp samningi sínum við fyrrum vinnuveitanda kæranda og gert samning við einkahlutafélag kæranda á meðan kærandi hafði enn starfs- og trúnaðarskyldum að gegna á grundvelli starfssamnings, en aðilar eru sammála um að starfssamningur sá sem lagður hefur verið fram í málinu hafi tekið til starfssambands kæranda við Petersen ehf. Þá hefur jafnframt verið lagt fram bréf frá hinum erlenda birgja sem segir að frumkvæði að viðskiptunum hafi komið frá honum en ekki kæranda.
23. Verður því að taka afstöðu til þess hvort slíkur samningur eða upplýsingar um slíkan samning geti talist til atvinnuleyndarmála í skilningi 16. gr. laga nr. 57/2005. Í dómaframkvæmd hefur m.a. verið litið til þess hversu almenns eðlis viðkomandi upplýsingar eru, á hve margra vitorði þær eru og hversu auðvelt er fyrir utanaðkomandi að afla sér þeirra, eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 5. júní 2008, í máli nr. 334/2007. Í máli þessu hefur komið fram að hluti af störfum kæranda var að eiga persónuleg samskipti við hinn erlenda birgja, auk þess sem upplýsingar um uppsögn samningsins og síðar gerð umboðssamnings hins erlenda birgja við félag kæranda gerðist án fyrirvara. Með hliðsjón af því að kærandi var enn í starfi hjá fyrrum atvinnurekanda sínum þegar samningurinn var gerður, með þeim hætti sem lýst hefur verið hér að framan, fellst áfrýjunarnefnd neytendamála á að kærandi hafi með því brugðist trúnaðarskyldum sínum við fyrrum vinnuveitanda sinn með hagnýtingu upplýsinga sem teljast til atvinnuleyndarmála í skilningi 16. gr. laga nr. 57/2005.
24. Verður jafnframt að líta til þess að samskipti kæranda og hins erlenda birgja voru með persónulegum hætti og sú aðstaða sem Petersen ehf. bjó kæranda til að hafa samband við hið erlenda félag var grundvöllur undir það traust sem félagið sýndi félagi hans við gerð viðskiptasamningsins. Skiptir þá ekki máli hvort viðskiptasamningurinn var við Hans Petersen ehf. eða Petersen ehf., sem tók við réttindum og skyldum fyrrnefnda félagsins við gjaldþrot þess, en upplýst er að hinn erlendi birgi átti í viðskiptum við Petersen ehf. eftir að Petersen ehf. tók við rekstri Hans Petersen.
25. Kærandi hefur jafnframt mótmælt seinni lið ákvörðunar Neytendastofu um að bann það sem mælt er fyrir í ákvörðuninni sé of almennt og skorti nánari afmörkun og rökstuðning. Í ákvörðun Neytendastofu felst einungis bann við þeim athöfnum sem lýst er í 2. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að sjá fyrir öll þau tilvik sem upp kynnu að koma og rót eiga að rekja til fyrrum starfssambands kæranda og Petersen ehf. Hins vegar verður að líta til

*Úrskurður nr. 5/2009*

Þess að ákvörðun Neytendastofu tekur einungis til þess að gerður var samningur við birgja fyrrum vinnuveitanda kæranda, en ekki almennt til starfa hans fyrir félag hans DD ehf.

26. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun, með fyrrgreindum athugasemdum.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ása Ólafsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson